

Árspaning Bandalags íslenskra græðara 2008

Haldið í sal iðnaðarmanna, Skipholtí 70, Reykjavík, 26. maí 2008

1. Þingsetning

Formaður bandalagsins, Anna Birna Ragnarsdóttir, setti þingið kl. 19:13 og lýsti yfir að löglega væri til þess boðað.

2. Kosning þingforseta og þingritara

Þingforseti var kjörin Sæunn Óladóttir, þingritari kjörin Birna Imsland og Helga Dröfn Jónsdóttir varaþingritari. Að því loknu kynntu fundarmenn sig og þingforseti las dagskrá.

3. Fundargerðir

Lilja Odsdóttir las fundargerð ársþings í maí 2007 og aukþings í febrúar 2007 og voru báðar samþykktar án athugasemda.

4. Skýrsla formanns

Anna Birna Ragnarsdóttir flutti skýrslu formanns og tæpti á helstu málum sem hefðu áunnist í og fyrir formannstíð hennar. Meðal þeirra eru lög um græðara, sem kostuðu mjög mikla vinnu af hálfu undirbúningsnefndarinnar, reglugerð um frjálst skráningar-kerfi, þýðingar á hvoru tveggja á ensku og upptöku starfsábyrgðartryggingar fyrir græðara.

Ný heimasíða BÍG var hönnuð, en teljari sýnir á sjötta þúsund heimsókna síðastliðið ár. Voru þær í hámarki í október 2007 á sama tíma og Pétur Tyrfingsson sálfræðingur átti í fjölmiðladeilum við ýmsa græðara. Birt var athugasemd frá bandalaginu í Morgunblaðinu í tengslum við deilurnar.

Bandalagið hefur veitt umsagnir um tvö lagafrumvörp, um embætti Landlæknis og um heilbrigðisþjónustu.

Unnið hefur verið að undirbúningi umsóknar um niðurfellingu á virðisaukaskatti. Málið heyrir undir tvö ráðuneyti. Óformlegar viðræður hafa verið við fulltrúa hjá Ríkisskattstjóra, en hann hefur bæði fallist á niðurfellingu á VSK fyrir Rolfun og hafnað niðurfellingu fyrir nálastungur og notað til þess sömu rökin. Anna Birna lagði á það áherslu að ekki sé flanað að þessu máli, því mjög erfitt getur reynst að fá ákvörðun hnikað verði niðurfellingu fyrir starfsemi græðara hafnað. Anna lagði áherslu á að stjórnin framfylgi tillögum í skýrslu heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi, en þar er m.a. talað um VSK.

Að því loknu sagðist Anna Birna ekki sækjast eftir endurkjöri sem formaður bandalagsins af þeim tveimur ástæðum að ekki hefði tekist að viðhalda einingu í stjórn bandalagsins og vegna eigin heilsufars.

5. Reikningar

Hanna Sigurðardóttir, féhirðir, lagði fram reikninga BÍG vegna skráningarkerfisins árið 2007 og vegna bandalagsins árið 2007, endurskoðaða og áritaða af skoðunar-mönnum reikninga.

Selma Júlíusdóttir spurði um styrk til skráningarkerfisins. Hanna svaraði að í upphafi hefði styrkurinn verið lagður inn á reikning bandalagsins en síðan hafi hún stofnað sérstakan reikning fyrir skráningarkerfið. Tölva skráningarkerfisins fór sömu leið. Næsti gjaldkeri muni sennilega aðskilja fjárhag BÍG og skráningarkerfisins. Selma og Freygerður Anna Ólafsdóttir gerðu athugasemd við að fé sem tilheyrði rekstri skráningarkerfisins flæddi í gegn um almennan reikning BÍG.

Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir gerði athugasemd við uppsetningu á ársreikningi og bauð bandalaginu form fyrir ársreikning og faglega aðstoð við endurskoðun reikninga.

Reikningarnir voru samþykktir að þessu loknu.

Hlé var gert á þinginu kl. 20:45 – 21:00.

6. Tillögur til lagabreytinga

Fyrir þinginu lá umfangsmikil endurskoðunartillaga varðandi lög bandalagsins frá Organon, fagfélagi hómópata. Niðurstaðan varð sú að breytingar voru gerðar á greinum 1, 2, 3, 4, 7, 8 og 9 og verður hér einungis stiklað á viðamestu breytingunum:

Grein 1 var breytt til samræmis við 2. gr. Laga um græðara nr. 34/2005, samþykkt á Alþingi 2. maí 2005. Grein 2 var breytt þannig að tilgangur bandalagsins er tíundaður þar en markmið sett í sérstaka stefnuskrá sem stendur utan við lögin. Í grein 3 var gildum skyndihjálparréttindum bætt ofan á kröfur um 660 kennslustundir. Grein 4 var breytt til samræmis við 2. gr. Laga um græðara nr. 34/2005, samþykkt á Alþingi 2. maí 2005, bætt var inn tilvísun til nýrra verklagsreglna fyrir stjórn og mælst til þess að stjórnarmenn bandalagsins komi úr stjórn viðkomandi aðildarfélags. Í 7. grein var skýrsla NSK-fulltrúa var gerð að föstum dagskrárlið ársþings og orðalagsbreytingar gerðar á 7. og 8. grein þar sem “bandalagsþing” var breytt í “ársþing”. Einnig voru smávægilegar orðalagsbreytingar á 9. grein.

Ennfremur voru samþykktar tillögur að stefnuskrá bandalagsins, verklagsreglum stjórnar og verklagsreglum varðandi frjálst skráningarkerfi græðara.

Örstutt hlé var aftur gert á fundinum kl. 23:00.

7. Árgjald

Samþykkt var að árgjald verði áfram kr. 1.500 fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi.

8. Kosning formanns

Fyrir þingið hafði Anna Birna Ragnarsdóttir tilkynnt að hún segði af sér sem formaður. Enginn hafði boðið sig fram þegar boðað var til ársþings en á þinginu bauð Lilja Oddsdóttir sig fram til formanns og var hún einróma kjörin.

9. Kosning skoðunarmanna reikninga

Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir var kjörin skoðunarmaður reikninga, ásamt Höllu Matt-hildi Eiríksdóttur, sem ekki sat þingið. Hanna Sigurðardóttir var kjörin varamaður.

10. Önnur mál

NSK, regnhlífarsamtök græðara á Norðurlöndum

Sigrún Sigurðardóttir, NSK-fulltrúi bandalagsins flutti skýrslu. Fundir voru haldnir í Stokkhólmi sl. haust og í Slóveníu í apríl. Ákveðið hefur verið að halda einn fund árlega á heimaslóð á Norðurlöndum en árþingið á sama stað og árlegur fundur Evrópuráðsins í hvert sinn. Sigrún fór ekki á seinni fundinn en var í símasambandi við fundarmenn, þó lögð sé áhersla á að allir mæti tvisvar á ári. Ákveðið hefur verið að á fundi í Noregi nk. haust greiði NSK gistingu í tvær nætur svo öruggt sé að allir komi. Árgjaldið verður óbreytt, 3.500 kr. danskar, nema 2.500 fyrir Íslendinga sökum fámennis.

Fulltrúar hinna Norðurlandanna í NSK eru mjög ánægðir með lagalega stöðu græðara hérlendis, m.a. vegna þess að við lútum engum nema sjálfum okkur, megum meðhöndla þungaðar konur, krabbameinssjúklinga, börn o.fl. Þeir líta á okkur sem fyrirmynd. Þeir mæltust þó til þess að orðið “græðari” væri ekki þýtt með orðinu “healer”, eins og gert var þegar löggin voru þýdd á ensku.

Strangir staðlar hafa verið settir um náttúruylf í Evrópu og í kjölfarið hefur úrvalið snarminnkað, nema helst í Noregi, enda stendur Noregur utan við Evrópusambandið.

Susanne Nordling kvartar undan því að enginn sinni því sem hún sendir íslenskum ráðuneytum og að hvergi finnist neinar upplýsingar frá þeim á alþjóðlegum vettvangi um að hérlendis séu stundaðar heildrænar meðferðir. Þetta þurfi að lagfæra.

Ákveðið hefur verið að alþjóðadagur hómópatíunnar skuli haldinn hátíðlegur ár hvert þann 10. apríl, sem er fæðingardagur Samuel Hahnemann, föður hómópatíunnar.

Heimilislæknir í Uppsölum í Svíþjóð hefur lært hómópatíu í tvö ár og vísað á remedíur. Hann var áminntur í tvígang fyrir það og missti svo læknaleyfið. Evrópuráðið hefur tekið málið upp og ætlar að aðstoða hann.

Sigrún kom með þá hugmynd að sá sem taki að sér að vera NSK-fulltrúi taki um leið að sér að afla fjár til að standa straum af kostnaði, t.d. við ferðir á fundi, því þetta sé mjög skemmtileg vinna en lítið gagn í henni ef enginn fer á fundi. Anna Birna lagði til að hún fengi einhvern sér til fulltingis við það því það væri mikil vinna.

Minnt var á að uppfærslur á heimasíðu NSK væru í verkahring Íslendinga.

Nám í siðfræði og löggjöf heilbrigðisstétta

Til stóð að kynna tveggja eininga nám í siðfræði og löggjöf heilbrigðisstétta, sem krafist er í lögnum um græðara. Námið á að hefjast nk. haust. Þessi liður féll niður þar sem upplýsingar vantaði frá Framvegis, miðstöð um símenntun.

Skyndihjálp

Fyrir þinginu lá tillaga frá Craniosacralfélagi Íslands um að bandalagið bjóði aðildarfélagunum námskeið í skyndihjálp, en félagið dró hana til baka þegar samþykkt var að bæta í lög að félagar skuli hafa gild skyndihjálparréttindi.

Skráningarkerfið

Selma Júlíusdóttir lýsti fyrir hönd ATFÍ mikilli óánægju með hvernig staðið er að skráningarkerfinu, það þekkist hvergi að fagfélög séu að vasast í málefnum einstaklinga. Ekkert félag ætti að geta verið í þeirri stöðu að geta ýtt öðru félagi út úr ákvarðanatöku. Hún sagði að hingað til hafi formaður og ritari bandalagsins annast skráningar í kerfið án afskipta annarra stjórnarmanna. Hún fór fram á að skráningin yrði í höndum fagfélaganna og að aðili óháður þeim sjái um skráninguna undir yfirumsjón BÍG og óskaði eftir að ráðuneytið hjálpi til með að BÍG vinni eins faglega að sínum málum og nokkur kostur er. Hún ítrekaði nauðsyn þess að fagfélögin vinni af heiðarleika saman og svona mál geri ekki samvinnuna flóknari en nauðsyn er.

Vefsíða

Hallfríður María Pálsdóttir lagði til að á vefsíðu bandalagsins verði mappa eða undirsíða þar sem skólar sem tengjast bandalaginu geti auglýst námskeið. Sigrún Sigurðardóttir lagði til að sett yrði upp dagatal með viðburðum tengdum græðarastarfsemi.

Nálastungufélagið

Kristín Sjöfn Valgarðsdóttir spurði um umsókn Nálastungufélagsins, sem var tekin af dagskrá síðasta árþings. Anna Birna svaraði því til að eftir þingið hafi forsvarsmönnum félagsins verið boðið til viðræðna en að svar hafi ekki borist, þó því hafi verið lofað 28. júní á síðasta ári, og að félagið hafi ekki haldið umsókninni til streitu.

Þinghald

Sigrún Sigurðardóttir lagði til að bandalagsþing yrðu styttr og miðað við að þau fari ekki yfir 3 klst. Þingmenn voru á því að þess gerðist ekki þörf því þetta eina þing væri óvenju langt vegna endurskoðunar laga. Kolbrún Erla Matthíasdóttir lagði til að leitað verði eftir því í fundarboði að þingmenn lesi meðfylgjandi fundargerðir heima fyrir þing og þannig séu þær bornar upp til samþykktar án þess að vera lesnar upphátt á þingi til að stytta fundartímann.

Heilsuhæli NLFÍ

Freygerður Anna Ólafsdóttir spurði hvort reynt hefði verið að fá græðara á okkar vegum til starfa á heilsuhælið í Hveragerði. Anna Birna sagði að þar hefði starfað einn nálastungufræðingur, sem ekki hafi verið sérlega vel menntaður. Þýskur yfirlæknir þar kunni höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun auk eins eða tveggja annarra.

Blóm og þakkir

Hanna Sigurðardóttir afhenti fráfarandi formanni, Önnu Birnu, blómvönd í nafni þingsins með þökkum fyrir hennar mikla framlag.

Anna þakkaði fyrir sig og kvað þann tíma sem hún hefur setið sem formaður hafa verið mjög lærdómsríkan. Hún færði öllum stjórnarmönnum rósir, auk þingforseta og þingritara. Hún færði Hönnu Sigurðardóttur og Hallfríði Maríu Pálsdóttur sérstakar þakkir, en þær ganga báðar úr stjórn um leið og hún.

13. Þingslit

Að lokum þakkaði þingforseti öllum langa og stranga fundarsetu.

Þingi var loksins slitið kl. 23:40.

Birna Imsland
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir
formaður

Þingið sátu:

Frá Aromatherapyfélagi Íslands, ATFÍ:

- Kristín Sjöfn Valgarðsdóttir
- Jónína K. Berg
- Selma Júlíusdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og
spjaldhryggsjafnara:

- Hanna Sigurðardóttir
- María Jónsdóttir
- Stefanía Ólafsdóttir
- Sæunn Óladóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Birgir Hilmarsson
- Freygerður Anna Ólafsdóttir
- Hjördís Rósa Halldórsdóttir
- Sigrún Sigurðardóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara,
FÍHN:

- Elísabet Snædís Jónsdóttir
- Helga Dröfn Jónsdóttir
- Hrönn Nielsen
- Kolbrún Erla Matthíasdóttir
- Víðir Þór Þrastarson

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Lilja Oddsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Birna Imsland
- Bylgja Matthíasdóttir

Frá Shiatsufélagi Íslands, SFÍ:

- Soffía Lára Karlsdóttir

Frá Sambandi svæða- og
viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Hallfríður María Pálsdóttir
- Svana Kristinsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands,
SMFÍ:

- Hrafnhildur Sigurgísladóttir
- Ragnheiður Júlíusdóttir

Lög Bandalags íslenskra græðara

1gr.

Nafn og varnarþing

Heiti bandalagsins er Bandalag íslenskra græðara (BÍG). Með orðinu græðari í lögum þessum, er átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu. Slík þjónusta felur í sér meðferð með það að markmiði að efla heilsu fólks, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun. Bandalagið er samband fagfélaga græðara.

Enskt heiti þess er The Association of Complimentary and Alternative Medicine in Iceland (ACAMI). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Bandalagið tekur ekki afstöðu til trúarskoðana og stjórn mála með neinum hætti.

2. gr.

Tilgangur bandalagsins er:

1. að vera hvetjandi og ráðgefandi regnhlífarsamtök fagfélaga græðara á Íslandi.
2. að styðja aðildarfélög í innra starfi þeirra og út á við eftir því sem við á.
3. að aðstoða við úrlausn ágreiningsefna, sem upp kunna að koma innan aðildarfélaga, sé þess óskað.
4. að koma fram sem málsvari græðara gagnvart stjórnvöldum, neytendum og á opinberum vettvangi þegar þess gerist þörf.
5. að tryggja sérstöðu og sterka ímynd íslenskra græðara í samfélaginu.
6. að tryggja viðurkenningu og réttindi íslenskra græðara sem fagfólks.
7. að vinna að málefnum íslenskra græðara sem fagfólks.
8. að stuðla að því að íslenskir græðarar hafi góða menntun, ástundi fagleg vinnubrögð og starfi eftir siðareglum og lögum um græðara.
9. að tryggja að aðgangur neytenda að þjónustu græðara sé óheftur.
10. að efla samstarf græðara á milli.
11. að vera vettvangur fyrir upplýsingaflæði og skoðanaskipti meðal íslenskra græðara.
12. að stuðla að innlendum rannsóknum á heildrænum meðferðartegundum.
13. að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi fyrir hönd íslenskra græðara.
14. að reka skráningarkerfi fyrir græðara, skv. lögum Alþingis um græðara nr. 34/2005.

3. gr.

Aðildarreglur

Umsókn félags um aðild að bandalaginu skal vera skrifleg og send stjórn BÍG til samþykktar fyrir 1. febrúar ár hvert. Uppfylli félagið skilyrði laga um græðara, skal umsóknin lögð fyrir árspaning Bandalags íslenskra græðara til samþykktar. Hvert aðildarfélag innan vébanda bandalagsins starfar sjálfstætt. Aðildarfélög skulu halda

aðalfund einu sinni á ári. Hjá bandalaginu skulu liggja fyrir lög og siðareglur hvers aðildarfélags sem skulu vera í samræmi við Lög um græðara nr. 34/2005, samþykkt á Alþingi 2. maí 2005, og reglugerð nr. 877 um frjálst skráningarkerfi græðara.

Hjá bandalaginu skulu einnig liggja fyrir menntunarkröfur þess, sem skulu að lágmarki vera 660 kennslustundir, þar af 6 einingar í líffæra- og lífeðlisfræði og 5 einingar í sjúkdómafræði á framhaldsskólastigi, auk gildra skyndihjálparréttinda.

Heimilt er að veita undanþágu frá ofangreindum skilyrðum um menntun ef öll nýliðun í viðkomandi fagfélagi lýtur þessum kröfum. Aðildarfélög skulu opin öllum sem tilheyra viðkomandi fagi, og uppfylla námskröfur þess.

Úrsögn úr bandalaginu skal vera skrifleg og send stjórn, enda hafi aðalfundur aðildarfélagsins tekið þá ákvörðun. Gegni aðildarfélag BÍG ekki þeim skyldum er því ber samkvæmt lögum og samþykktum eða vinni gegn hagsmunum bandalagsins getur bandalagsþing vikið viðkomandi aðildarfélagi skriflega úr bandalaginu hafi skriflegri áminningu ekki verið sinnt. Tillaga að brottvikningu getur verið lögð fram af einstöku aðildarfélagi og/eða stjórn bandalagsins, slík tillaga skal lögð fyrir á bandalagsþingi, sbr. 7. gr. og þarf samþykki 2/3 hluta þingmanna til að öðlast gildi.

4. gr.

Skipun og hlutverk stjórnar, starfsreglur ofl.

Skipun og hlutverk

Stjórn bandalagsins skal skipuð einum fulltrúa, og einum varafulltrúa frá hverju aðildarfélagi. Hvert aðildarfélag skipar sinn fulltrúa í stjórn, til tveggja ára í senn, æskilegt er að stjórnarmenn komi úr stjórn viðkomandi aðildarfélags. Skipun fulltrúa í stjórnina skal hagað þannig að aldrei fleiri en 2/3 stjórnarmeðlima ganga úr stjórninni samtímis.

Ef vantrauststillaga hefur verið borin upp fyrir bandalagsþing og hlotið þar samþykki 2/3 hluta þingmanna, er stjórn skylt að segja af sér. Skal þá skipa nýja stjórn innan mánaðar, en fráfarandi stjórn er skylt að rækja störf sín þar til sú skipan hefur átt sér stað.

Formaður stjórnarinnar sem jafnframt er formaður bandalagsins skal kjörinn af bandalagsþingi, sbr. 7. gr., úr hópi skipaðra stjórnarmanna. Formaður skal kjörinn til tveggja ára í senn og má lengst sitja þrjú kjörtímabil samfellt.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Utan sérkjörins formanns, skal valinn einn varaformaður, einn gjaldkeri og einn ritari. Varaformaður stjórnar skal vera staðgengill formanns í forföllum hans. Stjórnin ræður málefnum bandalagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir bandalagsþingi. Formaður BÍG er talsmaður stjórnar og annast daglegan rekstur bandalagsins, auk þess sem hann stýrir stjórnarfundum og sinnir öðrum þeim verkefnum sem stjórn kann að fela honum og lög heimila. Stjórnin skipar í nefndir sem starfa á vegum bandalagsins og tilnefnir fulltrúa aðildarfélaganna til starfa í þær nefndir og ráð sem það á aðild að. *Sjá nánar verklagsreglur stjórnar Bandalags íslenskra græðara.*

Stjórn leggur endurskoðaða reikninga síðasta árs fyrir ársþing, hefur umsjón með eigum bandalagsins og gætir hagsmuna þess í hvívetna. Ársþing skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga bandalagsins og einn til vara, til tveggja ára í senn.

Prókúruhafar eru gjaldkeri bandalagsins og formaður. Meirihluti stjórnarmanna ritar firma bandalagsins.

Reglur og samþykktir

Stjórnarmenn skulu kynna í aðildarfélögum sínum lög þessi og ákvarðanir stjórnar sem teknar eru á grundvelli þeirra sem og starfsemi bandalagsins almennt. Stjórnin skal vinna innan þess ramma sem lög þessi setja ásamt lögum um græðara nr. 34/2005, samþykktum á Alþingi 2. maí 2005, og reglugerð nr. 877 um frjálst skráningarkerfi græðara. Ákvarðanir sem falla utan valdsviðs hennar samkvæmt þessu eru ógildar.

5. gr.

Reikningar

Reikningsár bandalagsins er almanaksárið. Stjórnin skal leggja fram árlegt reikningsuppgjör. Skoðunarmenn bandalagsins fara yfir reikninga og staðfesta þá. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á bandalagsþingi ár hvert.

6. gr.

Árgjald

Árgjald bandalagsins skal ákveðið af bandalagsþinginu til eins árs í senn. Árgjald til bandalagsins skal greitt fyrir 1. nóvember ár hvert. Hvert aðildarfélag skal standa skil á árgjaldi samkvæmt fjölda fullgildra félagsmanna.

7. gr.

Árþing Bandalags íslenskra græðara

Árþing Bandalags íslenskra græðara og ályktanir

Árþing Bandalags íslenskra græðara fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Á árþingi sem og aukþingi hafa einungis þingmenn aðildarfélaganna kjörgengi og atkvæðisrétt: Þingmaður skal vera fullgildur félagi og skal formaður aðildarfélags vera einn af þingmönnum ásamt fulltrúa félagsins í BÍG. Aðrir þingmenn skulu kosnir á aðalfundi hvers aðildarfélags og fer fjöldi þeirra eftir fjölda fullgildra félagsmanna. Aðildarfélag með 3-50 fullgilda félagsmenn skal hafa 3 þingmenn og 3 varabíngmenn, og fyrir hverja 50 fullgilda félagsmenn þar yfir, bætist við 1 þingmaður og 1 til vara. Áður en bandalagsþing hefst skulu þingmenn leggja fram kjörbréf frá félagi sínu til staðfestingar. Hver þingmaður hefur eitt atkvæði.

Stjórn bandalagsins ber ábyrgð á störfum, hagsmunum og eigum þess gagnvart aðildarfélögunum og bandalagsþingi. Árþing skal haldið eigi síðar en í lok maí ár hvert og skal til þess boðað skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Fundartíma skal tilgreina í fundarboði svo og fundarefni. Í fundarboði skal einnig getið þeirra sem eru í framboði til formanns bandalagsins. Bandalagsþing telst löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Stjórnin boðar til bandalagsþings, undirbýr það og sendir þingskjöl til aðildarfélaga minnst 14 dögum fyrir þingið.

Stjórn BÍG skipar kjörnefnd eigi síðar en viku fyrir árþing og skal nefndin hefja störf þá þegar. Kjörnefnd þessi skal hafa það hlutverk að stjórna kosningu í embætti á árþingi.

Í upphafi bandalagsþings skal kjósa sérstakan þingforseta og 2 þingritara eftir tilnefningu. Forseti og þingritarar skulu gera fundargerð bandalagsþings.

Dagskrá árþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Fundargerð síðasta bandalagsþings borin upp til samþykktar.
4. Skýrsla formanns.
5. Reikningar bandalagsins lagðir fram til samþykktar.
6. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
7. Atkvæðagreiðsla um árgjald.
8. Skýrsla NSK fulltrúa
9. Kosning formanns.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Önnur mál.
12. Þingslit.

8. gr.

Breytingar á lögum

Lögum bandalagsins verður aðeins breytt á árþingi og skal tillögum til lagabreytinga eða um breytingar á starfstilhögun skilað til stjórnar eigi síðar en þremur vikum fyrir árþing. Skal stjórnin senda aðildarfélögum tillögurnar minnst 14 dögum fyrir árþing til kynningar. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tekur hún gildi.

9. gr.

Aðrir bandalagsfundir og aukaping

Stjórnin getur boðað til almenns bandalagsfundar og aukapings telji hún þörf á því. Þeir skulu boðaðir með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórninni er skylt að halda aukaping ef minnst þriðjungur aðildarfélaganna óskar þess skriflega, enda varði fyrirhugað fundarefni málefni er varðar starfssvið og hagsmuni bandalagsins. Slíkt þing skal halda innan þriggja vikna frá því að hin skriflega ósk barst stjórninni.

Aukaping skal boða með skriflegri tilkynningu þar sem fram kemur fundarefni. Tilkynninguna skal senda til stjórna aðildarfélaga með pósti eða öðrum sambærilegum hætti.

10. gr.

Formannafundur

Formenn aðildarfélaga skulu funda með stjórn bandalagsins að lágmarki einu sinni á ári.

11. gr.**Slit bandalagsins**

Komi fram tillaga frá minnst þremur félögum, sem standa að Bandalagi íslenskra græðara, um að bandalaginu skuli slitið, skal hún tekin fyrir á lögsmætu bandalagsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum aðildarfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta þings. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun að leggja bandalagið niður. Verði Bandalag íslenskra græðara lagt niður renna eignir bandalagsins til aðildarfélaganna í hlutfalli við fjárhagslegt framlag þeirra.

Einstök aðildarfélög geta einhliða sagt sig úr bandalaginu en við þær aðstæður fer ekki fram uppgjör á eignum félagsins. Fulltrúar og félagsmenn aðildarfélags sem hefur sagt sig úr bandalaginu með þessum hætti missa umsvifalaust öll réttindi sem bundin eru við bandalagsaðild. Enda hefur slík úrsögn verið tilkynnt með formlegum hætti til stjórnar bandalagsins.

12. gr.**Breytingar á lögbundnu hlutverki**

Lög þessi skal endurskoða til samræmis við lögbundið hlutverk bandalagsins á hverjum tíma.

Lög þessi voru samþykkt á árþingi Bandalags íslenskra græðara 26. maí 2008.

Stefnuskrá Bandalags íslenskra græðara

Bandalag íslenskra græðara hefur eftirtalin markmið:

1. Að auka skilning og velvirðingu heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstétta og almennings á starfsemi græðara.
2. Að virðisaukaskattur verði felldur niður af starfsemi græðara.
3. Að þjónusta græðara verði niðurgreidd af hinu opinbera.
4. Að aðrar úrbætur verði gerðar á starfsumhverfi græðara.
5. Að auka innlendar rannsóknir á heilbrænum meðferðartegundum.
6. Að stofnað verði til útgáfu fréttabréfs sem þjóni aðildarfélögunum til upplýsingagjafar og skoðanaskipta.

Samþykkt á árspaningi Bandalags íslenskra græðara 26. maí 2008.

Verklagsreglur stjórnar Bandalags íslenskra græðara

Með vísun í 4. gr. laga BÍG

1. Formaður BÍG er talsmaður og fulltrúi stjórnar Bandalags íslenskra græðara út á við og starfar í umboði stjórnar. Hann hefur yfirumsjón með daglegum rekstri bandalagsins.
2. Varaformaður BÍG er staðgengill formanns.
3. Ritari BÍG sér um ritun fundargerða. Fundargerðir skulu sendar með tölvupósti til athugasemda að loknum stjórnarfundi og bornar upp til samþykktar á næsta fundi.
4. Ritari ber ábyrgð á uppfærslu heimasíðu bandalagsins.
5. Gjaldkeri BÍG ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi bandalagsins gagnvart árþingi. Gjaldkeri skal veita stjórn yfirlit yfir fjárhagsstöðu bandalagsins minnst einu sinni á ári, og oftár sé þess óskað.
6. Stjórn bandalagsins endurskoðar fjárhagsáætlun BÍG árlega á grundvelli yfirlits sem gjaldkeri veitir yfir fjárhagsstöðu bandalagsins.
7. Stjórnarmenn bandalagsins bera ábyrgð á að fræða sitt aðildarfélag um málefni bandalagsins og skulu sjá til þess að fundargerðir berist stjórn síns aðildarfélags. Hvert aðildarfélag skipar einn stjórnarmann og skal hann endurspegla vilja síns aðildarfélags innan stjórnar bandalagsins, þar sem hann situr í stjórn bandalagsins sem fulltrúi aðildarfélags síns.
8. Stjórn bandalagsins skipar fulltrúa og varafulltrúa bandalagsins til setu í NSK, og boðar þá á stjórnarfundi til að fjalla um framgang málefna græðara á Íslandi, sem og Norðurlöndum, svo oft sem þurfa þykir. NSK-fulltrúi kynnir framgang málefna NSK á árþingi bandalagsins.
9. Formenn aðildarfélaga skulu reglulega gera grein fyrir starfsemi félaganna. Þeir bera enn fremur ábyrgð á að senda ársskýrslu sína (skýrslu formanns og/eða fundargerð aðalfundar) til ritara Bandalags íslenskra græðara. Formenn aðildarfélaga bera ábyrgð á allri starfsemi síns félags. Rekstur þeirra er BÍG óviðkomandi en verður þó að samræmast lögum og siðareglum bandalagsins, sem og lögum um græðara nr. 34/2005.
10. Stjórn bandalagsins boðar árlega formenn aðildarfélaga til fundar þar sem fjallað er um framgang og starfsemi BÍG.
11. Eignir og gögn bandalagsins skulu varðveittar á skrifstofu þess að undanskildum farsíma BÍG sem formaður ber.
12. Verklagsreglum þessum verður einungis breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar.

Samþykkt á árþingi Bandalags íslenskra græðara 26. maí 2008.

Verklagsreglur varðandi frjálst skráningarkerfi græðara

Skráningarkerfið er í umsjón Bandalags íslenskra græðara

1. Stjórn Bandalags íslenskra græðara hefur yfirumsjón með frjálstu skráningarkerfi græðara. Stjórn BÍG getur ennfremur, sé þess óskað, skipað starfsmann/-menn til aðstoðar við að halda utan um skráningu í frjálst skráningarkerfi græðara.
2. Þegar stjórn aðildarfélags sendir gögn varðandi nýskráningu inn í skráningarkerfið skulu þeir sem hafa yfirumsjón fara yfir umsókn og fylgiskjöl til að ganga úr skugga um að ekkert vanti.
3. Stjórn sér um skráningu græðara inn í frjálst skráningarkerfi græðara og tryggir að réttar upplýsingar um *skráða græðara* séu birtar á heimasíðu BÍG.
4. Stjórn er tengiliður milli BÍG og tryggingafélaga. Hún hefur umsjón með að réttar upplýsingar berist til tryggingafélaga.
5. Stjórn BÍG ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi skráningarkerfisins og ber ábyrgð á að halda fjárhag skráningarkerfisins aðskildum frá öðrum fjármunum bandalagsins. Hún sér um að senda út greiðsluseðla vegna nýskráningar og vegna þjónustugjalds.
6. Komi upp ágreiningsmál varðandi skráningu skal það mál tekið upp á stjórnarfundum BÍG og úrlausn fundin.
7. Fartölva skráningarkerfisins er í umsjón og vörslu ritara BÍG.

Samþykkt á ársþingi Bandalags íslenskra græðara 26. maí 2008.